

Fimmtudaginn 26. september 1991.

Nr. 382/1988. **Elís G. Þorsteinsson**

(Kjartan Ragnars hrl.)

gegn

Laxárdalshreppi

(Páli A. Pálsson hrl.)

og gagnsök.

Landamerkjámál. Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1988. Hann krefst þess, „að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að landamerki milli jarðanna Hrappsstaða og Fjósa í Laxárdalshreppi, Dalasýslu, frá Digruvörðu til Hvammsfjarðar sé lína frá Digruvörðu, dregin úr punkti, merktum D, til punkts, merkts A, á uppdrætti Bjarna Johansens, byggingartæknifræðings frá í ágúst 1988 á héraðsdómsskjali nr. 20“. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með gagnstefnu 1. desember 1988. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þann veg, að landamerki milli framangreindra jarða „frá Digruvörðu til Hvammsfjarðar skuli vera bein lína úr punkti D í punkt E og þaðan í punkt B á uppdrætti Bjarna Johansens byggingartæknifræðings frá í ágúst 1988 á héraðsdómsskjali nr. 20“. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, og beri málskostnaður dráttarvexti samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málflutningur um formhlið máls þessa fór fram í Hæstarétti 23. september sl. Af hálfu aðaláfrýjanda var þess þá krafist aðallega, að málið yrði tekið til efnismeðferðar í Hæstarétti, en til vara, að málsmeðferð í héraði yrði einungis ómerkt frá og með aðalflutningi 13. ágúst 1988 og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Af hálfu gagnáfrýjanda var þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti. Mál þetta var fyrst tekið fyrir á aukadómþingi Dalasýslu 30. nóvember 1987 samkvæmt 8. gr. laga nr. 41/1919 um landamerki, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1965. Sættir tókust ekki í þinghaldi þessu, og varð þá ljóst, að skera varð úr ágreiningi aðila með dómi. Meðferð málsins eftir það hlaut að lúta almennum reglum laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 44. gr. laga nr. 28/1981. Þar sem stefna var eigi gefin út í málinu af hálfu aðaláfrýjanda, bar í upphafi málsmeðferðar að fá fram greinilega kröfugerð hans og greinargerð, sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936. Á þetta skorti, og var eiginleg kröfugerð aðaláfrýjanda fyrst lögð fram í þinghaldi 5. mars 1988, sama dag og greinargerð gagnáfrýjanda var lögð fram.

Gagnaöflun í málinu er og með verulegum annmörkum. Dómsformaður hafði frumkvæði að vettvangsskoðun og vottorðsgjöf Jóns og Sigurbjörns Sigtryggssona, án þess að aðilar eða umboðsmenn þeirra væru til kvaddir. Vottorðsgjafarnir komu ekki fyrir dóm, en svo virðist sem niðurstaða héraðsdóms sé meðal annars byggð á vottorði þeirra. Einnig ber til þess að líta, að uppdráttur af þrætulandinu með öllum viðmiðunarpunktum aðila var ekki lagður fram fyrr en við dómsuppsögu 26. september 1988. Þá skortir á, að aðilar hafi lagt sig fram um að afla viðhlítandi gagna um staðsetningu Brekkuhöfða.

Í hinum áfrýjaða dómi er ekki tekin efnisleg afstaða til varakröfu gagnáfrýjanda um, að viðurkennt verði, að hann hafi unnið hefð á hinu umdeilda landsvæði samkvæmt lögum nr. 46/1905, svo sem skylt var að gera, þar sem aðalkröfu hans var hafnað.

Þegar litið er til þeirra annmarka á meðferð máls þessa í héraði, sem hér hafa verið raktir, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómpings Dalasýslu 26. september 1988.

Sóknaraðili er Elís G. Þorsteinsson, kt. 050929-7619, til heimilis að Hrappsstöðum, Laxárdalshreppi, eigandi jarðarinnar Hrappsstaða í Laxárdalshreppi, Dalasýslu.

Varnaraðili er hreppsnefnd Laxárdalshrepps, kt. 420269-1969, umráðamaður jarðarinnar Fjósa í Laxárdalshreppi, Dalasýslu.

Mál þetta var þingfest 30. nóvember 1987 í beinu framhaldi af beiðni sóknaraðila til sýslumanns Dalasýslu í bréfi, dags. 20. október 1987, en þar fer sóknaraðili fram á, að könnuð séu „landamerki milli jarðanna Fjósa og Hrappsstaða“, en lönd þessara jarða liggja saman og eiga sameiginleg landamerki milli Hvammsfjarðar og Laxár í Laxárdal. Málið var dómtekið 13. ágúst 1988 að loknum munnlegum málflutningi.

Pétur Þorsteinsson sýslumaður kvað upp dóminn ásamt meðdómsmönnum Friðriki Jónssyni landbúnaðarráðunaut, Búðardal, og Jóni S. Magnússyni sýslufulltrúa, Stykkishólmi. Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna.

Í landamerkjaskrá Dalasýslu frá 1919 segir svo um landamerki Hrappsstaða: „Að sunnan ræður Laxá. Að vestan eru merkin milli Fjósa og Hrappsstaða úr lækjarsytru framanvert við Kistunef, þaðan í Þverrunna og eftir honum í Digruvörðu, en frá henni sjónhending í Brekkuhöfða til sjávar.“

Landamerkjalinna þessi er óumdeild frá Laxá til Digruvörðu, en um landamerkjalinuna þaðan til sjávar er ágreiningur og þá jafnframt um, hvar staðsetja eigi örnefnið „Brekkuhöfða“.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær,

1. að staðfest verði, að örnefnið Brekkuhöfði sé sá staður, sem merktur er Brekkuhöfði á dskj. nr. 2,

2. að landamerki Hrappsstaða og Fjósa frá Digruvörðu að sjó, Hvammsfirði, verði ákveðin sem bein lína dregin úr Digruvörðu, svo sem sýnt er á dskj. nr. 2, og merkt sem lína á milli A og D skv. mælingu Bjarna Johansens frá 16.3. 1988, dskj. nr. 17,

3. að Laxárdalshreppur verði dæmdur til að greiða mér, stefnanda, málskostnað, sem bæti mér tímasóun og útlagðan kostnað, þar með talinn ferðakostnaður.

Dómkröfur varnaraðila eru þær, að landamerki jarðanna Hrappsstaða og Fjósa frá Digruvörðu að sjó verði ákveðin eins og fram kemur á uppdrætti, dskj. nr. 17, þar sem D er Digravarða, E Brekkuhöfði og B, þar sem landamerki koma í sjó, þ.e.a.s. bein lína dregin frá Digruvörðu í Brekkuhöfða og þaðan bein lína til sjávar. *Til vara*, verði aðalkrafa ekki viðurkennd, þá verði viðurkennt með dómi, að stefndi í máli þessu hafi unnið hefð á hinu umdeilda landsvæði, sbr. lög nr. 46/1905, með óslitinni

notkun hins úmdeilda landsvæðis án athugasemdar í það minnsta frá árinu 1964. Einnig er gerð krafa um, að stefnda verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

— — —

D ó m s o r ð:

Landamerkjalinna milli jarðanna Hrappsstaða og Fjósa í Laxárdals-
hreppi, Dalasýslu, frá Digruvörðu til Hvammsfjarðar er ákveðin sam-
kvæmt uppdrætti Bjarna Johansens byggingatæknis, dags. í ágúst
1988, þ.e. bein lína frá Digruvörðu, merkt D á nefndum uppdrætti,
í gamlan girðingarstaur, merktan C á sama uppdrætti, á sjávarbakka,
lína þessi skiptir löndum allt til sjávar.

Málskostnaður falli niður.
